

Fundargerð

179. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 29. janúar 2013 kl. 12¹⁵–13⁵⁰.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
	Bryndís Skúladóttir (BS)	
	Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)	Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
	Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)	Gestur: Kjartan Ingvartsson (KI), lögfr. UAR
	Halldór Haraldsson (HH)	Íris Gunnarsdóttir (ÍG), ÚS
	Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)	

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Breytingar á lögum um raftæki og raftækjaúrgang
- (3) Ráðstöfunaraðilar
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (178. fundar).

2. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

GGÞ bauð fulltrúa UAR, Kjartan Ingvartsson (KI) lögfræðing, velkominn á fundinn. KI fór yfir væntanlegt frumvarp um breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sérstaklega þeim hluta er lýtur að meðhöndlun á raftækjaúrgangi sem og álagningu úrvinnslugjalds á raf(einda)tæki. Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram í byrjun febrúar.

Farið var fyrst yfir innleiðingu á úrgangstilskipun ESB og hvort að það hefði áhrif á starfsemi ÚS. Þar er helst að nefna að breytingar eru gerðar á endurvinnsluhlutföllum í umbúðaúrgangi. Landsáætlun verður lögð til hliðar en svæðisbundnar áætlanir sveitarfélaga taki við markmiðssetningu í árangri við meðhöndlun úrgangs, þar sem meginmarkmiðið er að minnka úrgang sem fer til förgunar. Rætt var um á fundinum hvort að leggja eigi úrvinnslugjald á fleiri vöruflokka er mynda úrgang. Ekki liggur neitt fyrir í því efni.

Rætt var hvað það þýðir að uppfylla sínar skyldur, sérstaklega gangvart innsöfnun skilakerfa af landsbyggðinni.

KI áréttaði að ESA gerir kröfu um að ákvæði um sjálfstætt starfandi skilakerfi verði að vera til staðar í lögnum. Hann minnti á að krafa hafi borist frá aðilum á markaði að setja meðhöndlun á raftækjum undir lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Geri verði ráð fyrir að aðilar á markaði muni notfæra sér það að koma ábyrgð á innsöfnun og endurvinnslu á raftækjum til ÚS í stað þess að sjá um allt utanumhald á eigin kostnað.

Rætt var um raftækjaúrgang sem hugsanlega færi framhjá báðum kerfum og væri ekki gefinn upp hvorki hjá ÚS eða UST og kæmi þar með ekki til tekna við árangur við endurnýtingu.

Rætt var um hvað þýðir markaðssvæði. Er þar sem verlsunin er staðsett eða hvert er selt. KI telur að laga þurfi skilgreininguna og það verði söluaðilans að staðfesta að hann selji á skilgeindu markaðssvæði en ekki á öllu landinu. Gengið verði út frá því að landið allt sé markaðssvæðið nema annað sé staðfest.

Rætt var um að ekki væri nógu ljóst í lagatexta hvernig færi með aðila sem stofnaði til skilakerfis. Hvernig mun slík umsókn verða afgreidd og hvað þarf hann að uppfylla og hver fer yfir umsóknina. Fyrirtæki þarf að hafa starfsleyfi og að fara í gegnum UST til að fá flutningsleyfi og RSK að fá endurgreitt. Á að duga að sýna fram á staðfestingu frá t.d. UST til að fá endurgreitt úrvinnslugjald hjá RSK á þau tollnúmer sem tilgreind eru í staðfestum upplýsingum UST.

Ráðherra setur reglugerð um framvæmd endurgreiðslu.

KI staðfesti Úrvinnslusjóður kemur hvergi að eftirliti með stofnun eða starfsemi skilakerfa né endurgreiðslu úrvinnslugjalds eða eftirliti með því.

Rætt var um brottfall greinar sem tekur á ríkisábyrgð með starfssemi ÚS. Ríkisábyrgð á peningalegum rekstri Úrvinnslusjóðs fellur niður, og rætt var um hvenig taka bæri á sjóðum sem sannarlega munu ekki standa undir kostnaði sbr. framköllunarefni.

Rætt var um hlutverk innflytjenda/ framleiðenda í 18 gr. frumvarpsins og ÚS í 19. gr. KI skýrði út að til að uppfylla ákvæðið um skilakerfi geti starfað við hlið ÚS þurfi að skilgreina ábyrgðina í tvennu lagi. Hún er uppfyllt með greiðslu úrvinnslugjalds.

ÓK fór yfir innheimtu af innlenda framleiðendum raftækja. Geta þeir fengið endurgreitt úrvinnslugjald við útflutning á framleiddri vöru. Huga þarf að því að endurgreiðsluferlið verði ekki íþyngjandi framleiðslufyrirtækjum. KI telur að 10 gr a í lögum nr 162/2002 sé hægt að mæta kröfu á slíkri endurgreiðslu.

3. Ráðstöfunaraðilar

Efnamóttakan hf óskar eftir fyrir hönd erlends samstarfsaðila að gerast ráðstöfunaraðili við meðhöndlun á rafhlöðum:

Exis óskar eftir fyrir hönd erlends samstarfsaðila að gerast ráðstöfunaraðili við meðhöndlun á heyrúlluplasti:

Samþykkt

4. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 19.febrúar 2013.

Fundi slitið kl 13:50